

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja- Heklan.

7. fundur

Þann 23. september árið 2011, klukkan 11:30 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er skrifstofa Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Iðavöllum 12b, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Árni Sigfússon, Ásmundur Friðriksson, Sigrún Árnadóttir, Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi boðaði forföll: Eirný Vals og Gunnar Ellert Geirsson.

Dagskrá fundarins.

1. Afrit af minnisblaði vegna Atvinnutorgs.
2. Starfslýsingar.
3. Kynning á ráðgjafahóp stækkunardeildar ESB.
4. Kynning á verkefnum í fjárfestingaráætlun landshluta.
5. Bréf dags 15.09.2011 frá Atla Sigurðssyni
6. Bréf dags. 08.09.2011 frá Hannesi Friðrikssyni.
7. Önnur mál.

1. mál. – Afrit af minnisblaði vegna Atvinnutorgs.

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblaðið.

2. mál.- Starfslýsingar.

Starfslýsingar lagðar fram og ræddar af stjórn félagsins. Ákveðið að vinna áfram með þær og uppfæra samkvæmt verkefnastöðu félagsins. Framkvæmdastjóra falið að skipuleggja heimsóknir til tveggja atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni. Stefnt er að því að heimsækja Atvinnuþróunarfélag Suðurlands föstudaginn 28. október.

3. mál.- Kynning á ráðgjafahóp stækkunardeildar ESB.

Lagt fram og rætt. Von er á ráðgjafahópnum til Íslands um miðjan október.

4. mál. – Kynning á verkefnum í fjárfestingaráætlun landshluta.

Framkvæmdastjóri kynnti verkefnin.

5. mál. – Bréf dags. 15.09.2011 frá Atla Sigurðssyni.

Lagt fram. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu.

6. mál. – Bréf dags. 08.09.2011 frá Hannesi Friðrikssyni.

Lagt fram. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu.

7. mál. – Önnur mál.

Erindi frá Böðvari Jónssyni f.h. Eignarhaldsfélags Suðurnesja dags. 23.09.2011.

Beiðni um samstarf Eignarhaldsfélags Suðurnesja og Heklunnar. Stjórn Eignarhaldsfélagsins óskar eftir samvinnu um kynningu á sjóði Eignarhaldsfélagsins og yfirferð á umsóknum. Stjórn Heklunnar fagnar erindinu og felur framkvæmdastjóra að funda með formanni stjórnar Eignarhaldsfélags Suðurnesja.

Sigrún sagði frá ósk markaðs- og atvinnuráðs Sandgerðisbæjar um að starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins kæmu að sameiginlegum fundum með fyrirtækjum í Sandgerðum.

Hugmyndir um „World-cafe” voru ræddar af stjórn. Stjórnin hefur áhuga að vinna áfram með þessa hugmynd og halda fundi í öllum sveitarfélögum.

Ræddir voru möguleikar um vatnsútflutning og þörf á greininarvinnu. Nauðsynlegt er að vekja athygli á þessu verkefni við ráðgjafahópinn sem von er á í október (sjá lið 3).

Ásmundur sagði frá fundi með Innanríkisráðherra vegna málefna Landhelgisgæslunnar. Niðurstaða þess fundarins var sú, að hittast aftur eftir fjórar vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:47.
